

Nd.

141. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 6. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:
Gjald þetta skal greitt við afhending leyfanna.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um málið. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, er svo fyrir mælt, að þau skuli falla úr gildi 1. des. 1946.

Eins og sakir standa þykir ekki fært að láta lögin falla úr gildi og þar með þær ráðstafanir, sem þau hafa að geyma. Er því lagt til, að þetta ákvæði 9. gr. sé afnumið og lögin látin halda gildi sínu.

Ákvæði 1. gr. frv. er sett samkvæmt tillögu viðskiptaráðs og felur í sér þá breytingu frá því, sem nú er, að leyfisgjaldið skuli eftirleiðis greiðast fyrirfram, þ. e. um leið og leyfi er afhent í skrifstofu ráðsins, í stað þess að nú er gjaldið eigi greitt fyrr en varan er komin til landsins og leyfið er lagt fram við tollmeðferð.